

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

397. fundur

Föstudaginn 13. september 2024 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 7:30.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hjördís Ýr Johnson (HÝJ), Örvar Jóhannsson (ÖJ), Margrét Vala Marteinsdóttir (MVM), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE) og Dóra Björt Guðjónsdóttir (DBG). Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Fjárhagsáætlun – staðan.
2. Klappið – cEMV og markaðsmál
3. Evrópuverkefni – inngilding.
4. Fargjaldaálag – reglur og ferlar.
5. Innra eftirlit.
6. Kjaramál.
7. Stefnur Strætó.

Tekið fyrir:

1. Fjárhagsáætlun - staðan.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á fjárhagsáætlun. Haldinn var eigendafundur þann 2. september síðastliðinn, þar sem stjórn Strætó kynnti meginforsendur varðandi fjárhagsáætlun 2025 til 2029 og lagði fram drög að fjárhagsáætlun. Niðurstaða eigendafundar var að áfram yrði unnið að fullmótaðri fjárhagætlun fyrir byggðasamlagið og umræðu frestað til næsta eigendafundar. Fyrir fundinum liggja trúnaðamerkt drög að fjárhagsáætlun fyrir Nýtt leiðanet aðlagð að núverandi rekstri Strætó og fjárlagafrumvarpi ársins 2025. Framkvæmdastjóri hefur fundað með akstursaðilum og mögulegt er að auka þjónustumagn í byrjun næsta árs í samræmi við forsendur í uppfærðri rekstraráætlun sem er hluti gagna í uppfærðum Samgöngusáttmála. Forsenda fyrir því er að ákvörðun um slíkt verði tekin fljótlega. Umræðum um fjárhagsáætlun verður framhaldið á næsta stjórnarfundum.

2. Klappið – cEMV og markaðsmál

Daði Áslaugarson deildarstjóri upplýsingatækni og Markús Vilhjálmsson markaðsstjóri Strætó kynntu hvað er framundan í Klappinu. Farið var yfir fyrirhugaða markaðssetningu á snertilausum greiðslum cEMV og greiðslupaki sem stefnt er að verði virkjað í Klappinu síðar hluta septembermánaðar.

3. Evrópuverkefni og inngilding

Sigurborg Þórarinsdóttir, sviðstjóri mannaúts- og gæðamála kynnti inngildinguna og stórt Evrópuverkefni sem Strætó leiðir.

4. Fargjaldaálag – reglur og ferlar

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu á innleiðingu fargjaldaálags og hvernig staðið verður að innheimtu þess. Reglurnar voru samþykktar í stjórn Strætó á síðasta ári og auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda. Rætt var um framtíðarhlutverk vagnstjóra við staðfestingu fargjalda og viðbótarskanna í vagna. Framkvæmdastjóra falið að útfæra í samræmis við umræður á fundinum

5. Innra eftirlit..

Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri kynnti hvernig innra eftirliti er háttað hjá Strætó.

6. Kjaramál

Í eigendastefnu Strætó er fjallað um starfskjaranefnd og lagði Dóra Björt stjórnarformaður fram tillögu að skipan starfskjaranefndar og starfsreglur til kynningar. Umræðum verður haldið áfram á næsta fundi.

7. Stefnur

Fjallað var um stefnur Strætó á stjórnarfundi þann 17. maí 2024. Óskaði Dóra Björt eftir að fá að kynna sér málefnið nánar og taka aftur upp síðar. Samþykkt var að rýna þjónustustefnu Strætó og setja fram aðgerðaráætlun fyrir 1. desember 2024. Stjórn fól framkvæmdastjóra að hefja undirbúning.

Fylgiskjöl:

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hrannar B. Eyjólfsson

Hjördís Ýr Johnson

Margrét Vala Marteinsdóttir

Örvar Jóhannsson

Magnús Örn Guðmundsson